



Stjórnarfundur hjá Sunddeild Umf. Selfoss 28. sept. 2009

Mættir voru Guðmundur formaður, Ingibjörg, Steinunn og Sigrún sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Sagt frá breytingum sem gerðar voru á hvatagreiðslum en nú renna þær beint til deildana innan félagsins. Þetta kom fram á síðasta aðalstjórnarfundum UMFS.
3. Flöskusöfnun skilaði rúmlega 120.000 kr. en kosnaður var mikið minni en verið hefur. Innheimta æfingagjalda er ekki farin af stað. Sótt var um styrki í bæði Verkefnasjóð HSK og Íþróttasjóð ríkisins. Formaður fór yfir bréf sem ritað var til Íþrótt- og tólmstundafulltrúa Árborgar vegna skiltamála.
4. Æfingabúðir eru framundan á Borg þann 3.-4. okt. Sírý sér um skráningu. Haustið Fjöltnis er 31.okt.-1.nóv. Kökulottó verður haldið þann 18. okt, Ingibjörg sér um það. Foreldrafundur verður haldinn 7. okt. kl. 18.00 í Tíbrá.
5. Sundföt eru komin til mátnar og verður boðið upp á mátnu í æfingabúðum. Æfingallar verða skoðaðir eftir áramót. „Áfram Selfoss“ bolir verða seldir á 500 kr. fyrir iðkendur og 1.000 kr. fyrir fullorðna.
6. Ingibjörg sýndi möguleika á verðlaunapöllum. Ákveðið var að Árni og Ingibjörg kaupi palla og geri þá klára.
7. Nýjar fjáröflunarleiðir sem okkur standa til boða eru í skoðun.
8. SSÍ kom með tilmæli um að garpasund yrði skoðað og verður rætt við þjálfara okkar hvernig þeir sjá þetta fyrir sér.

9. SSÍ leggur til að tvö verði atburðardagatöl hjá þeim og verður það tekið fyrir á næsta Sundþingi.
10. Steinunn Aradóttir segir sig úr stjórn af persónulegum ástæðum og þökkum við henni fyrir gott samstarf.
Flöskursöfnunarferð verður farin í Helliskóg og boðið upp á pylsur og drykki. Farið verður 5. okt. frá kl 18-20.
11. Næsti fundur er ákveðinn þann 26. okt. 2009 kl. 19.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigrún Sunna Skúladóttir